



Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Minnisblað vegna frestunar gildistöku barnaverndarlaga

Dags: 3. maí 2022

Málsnúmer: 202112014/10.1.0

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Sigurbjörg Fjölvisdóttir, Framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

Þann 9. desember 2021 voru fyrirhugaðar breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 kynntar fyrir bæjarráði. Tók hluti breytinganna gildi 1. janúar 2022. Hinn hluti breytinga laganna átti að taka gildi við nýtt kjörtímabil, 28. maí 2022. Sá hluti snýr að því að barnaverndarnefndir í núverandi mynd yrðu lagðar niður, og meginþungi verkefna yrði falinn barnaverndarþjónustu, sem starfsmenn barnaverndar sinna. Einnig yrði komið á fót svokölluðum umdæmisráðum, faglega skipuðum sérfræðingum, sem myndu sinna úrskurðarvaldi í barnaverndarmálum.

Á fyrri hluta þessa árs tók Samband íslenskra sveitarfélaga upp samtal við mennta- og barnamálaráðuneytið um frestun seinni hluta breytinga laganna, þar sem talið var að sveitarfélög þyrftu lengri undirbúningstíma við að skipa umdæmisráð sín. Hafði ráðherra fallist á slíka frestun og var það kynnt fyrir bæjarráði 24. febrúar.

Þann 29. apríl sl. voru samþykkt á Alþingi lög um breytingu á barnaverndarlögum. Í 1. gr. þeirra laga kemur fram að ákvæði sem fjalla um barnaverndarþjónustu og umdæmisráð komi til framkvæmda 1. janúar 2023. Einnig halda barnaverndarnefndir, sem starfandi voru fyrir gildistöku laganna, umboði sínu til 1. janúar 2023.

Hingað til hefur fjölskyldunefnd sinnt hlutverki barnaverndarnefndar fyrir Mosfellsbæ og Kjósarhrepp. Fjölskyldunefnd sú sem skipuð verður að loknum kosningum 14. maí mun því taka við hlutverki sem barnaverndarnefnd út árið 2022.

Virðingarfyllt,
Sigurbjörg Fjölvisdóttir